

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Breyting á deiliskipulagi Skálmholts.*

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 7.200 m<sup>2</sup> spildu í landi Skálmholts þar sem fyrirhugað er að reisa starfs- og ferðamannahús ásamt bílskúr. Hámarksstærð bygginga er 350 m<sup>2</sup> og hámarkshæð húss má vera allt að 7 m í mæni, mælt frá gólfplötu. Heimilt er að hafa kjallara undir húsum.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 16. júní 2014.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 1. júlí 2014